

## Fundargerð Menningarmálanefndar Skaftárrepps

108. fundur menningarmálanefndar Skaftárrepps haldinn 16. mars 2022, kl. 17 á Systrakaffi.

Mætt eru á fundinn: Gunnar Erlendsson, Lilja Magnúsdóttir, Sólveig Ólafsdóttir, varamaður.

1. Gullskipið. Í desember barst menningarmálanefndinni tilboð um að kaupa líkan að gullskipinu, Het Wapen Van Amsterdam, sem var til sölu í Sandgerði. Það var Jónatan Stefánsson sem vildi selja líkanið vegna flutninga. Glöggir menn, þeir Birgir Þórarinsson þingmaður og Ragnar Jónsson frá Þykkvabæ, fréttu af sölunni og brugðu skjótt við, höfðu samband við menningarmálanefnd og fóru og buðu í gripinn. Menningarmálanefnd fundaði óformlega með sveitarstjóra og var samþykkt að greiða fyrir skipið þær 150 þús sem Jónatan vildi fá fyrir gripinn. Margir vildu kaupa en Jónatan var lukkulegur með að skipið skyldi fara austur og fengum við því líkanið. Þakkar menningarmálanefnd þeim Birgi og Ragnar fyrir að bregðast skjótt við. Þessa dagana eru þeir bræðurnir Ragnar og Skúli að lagfæra skipið og smíða kassa til að það geti verið til sýnis í Skaftárstofu.
2. Ball. Stefnum að því að reyna að halda eitt ball í Kirkjuhvoli fyrir lok kjörtímabilsins. Samþ. að menningarmálanefnd taki þátt í kostnaði til að ballið verði að veruleika.
3. Menningarmálanefnd óskar eftir að fólk leiti til okkar ef það er að skipuleggja menningarviðburði. Við getum e.t.v aðstoðað við skipulagningu eða fjármögnun.
4. Menningarmálanefndin hvetur alla sem vettlingi geta valdið til að mæta á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands og Sigrúnar Hjálmtýsdóttur, söngkonu, sem verða í Kirkjuhvoli á Kirkjubæjklaustri 7. maí 2022. Miðar eru seldir á tix.is

Önnur mál

Fundi slitið kl. 19:00

Fundarritari Lilja Magnúsdóttir



The image shows two handwritten signatures in blue ink. The top signature is "Lilja Magnúsdóttir" and the bottom signature is "Gunnar Erlendsson".